

Hábrún ehf.
Stekkjargötu 11
410Hnífsdalur

Reykjavík 24. júní 2019
UST201906-034/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 7. júní þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 20. desember 2018. Frestur var veittur til 21. júní til að skila inn áætluninni.

Frávikið er eftirfarandi:

1. **Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó.** Rekstraraðili skal halda skráningar sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skráningar á losun efna í umhverfið og meðhöndlun úrgangs vantar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila mun forritið Farm control vera tekið í notkun þann 1. ágúst nk. Þá munu öll fódurnot verða skráð í forritið sem síðan reiknar út losun niturs og fosfórs í umhverfið hverju sinni. Þar verður einnig skráð meðhöndlun annars úrgangs svo sem dauðfisks og umbúða. Þessar skráningar verða aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er samkvæmt starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó. Fram að þeim tíma verða öll fódurnot skráð daglega og meðferð annars úrgangs svo sem dauðfisks og umbúða. Skráningin mun fara fram samkvæmt eyðublöðum sem rekstraraðili hefur sent stofnuninni.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða